

## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

### MYNL2AT05 - Anatomia

<b>Kennari</b>	Íris Jónsdóttir – <a href="mailto:iris.jonsdottir@fss.is">iris.jonsdottir@fss.is</a>	 <p>Íris Jónsdóttir Kennari</p>								
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudaga frá kl. 11:55 til 12:35									
<b>Námsefni</b>	Ljósrit frá kennara og annað efni (farið á sýningar, listaverkabækur).									
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Markmið áfangans er alhliða teikniþjálfun með áherslu á fríhendisteikningu og að efla sjónskilning og sjónminni. Nemendur teikna eftir lifandi fyrirmyndum og beinagrind. Lögð er áhersla á að þeir tileinki sér grundvallaratriði í hlutfallaskiptingu mannlíkamans og noti hjálpargögn til að bera saman stærðarhlutföll, hreyfingu og stöðu. Þeir þjálfast í skissuvinnu, hraðteikningu og hugmyndavinnu t.d. með teikningu kvikmyndasena (storyboard) og skapandi skrifum. Markmiðið er að nemendur nái valdi á teikningu allt frá einföldum teikningum til flóknari úrlausna og rannsaki gildi og tjáningarmöguleika tækninnar með fjölbreyttum verkfærum og teikningu á manngerðum hlutum, náttúruformum og umhverfi. Unnið er með grafískar aðferðir, gagnsæishugsun og formgreiningu, mótun og efnisáferð með blæbrigðaríkri skyggingu. Nemendur eru þjálfaðir í að leggja mat á vinnu sína og annarra. Krafist verður sjálfstæðrar rannsóknarvinnu af nemendum í formi reglulegra skila á skissuvinnu, ferilbók sem tengist viðfangsefninu og þátttöku í umræðum.</p>									
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	<p>Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma.</p> <p><b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>      <b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>      <b>Sleppikerfi</b> <input type="checkbox"/></p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Heiti</th> <th>Vægi</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Tímaverkefni</td> <td>50%</td> </tr> <tr> <td>Skissubók</td> <td>40%</td> </tr> <tr> <td>Virkni</td> <td>10%</td> </tr> </tbody> </table>		Heiti	Vægi	Tímaverkefni	50%	Skissubók	40%	Virkni	10%
Heiti	Vægi									
Tímaverkefni	50%									
Skissubók	40%									
Virkni	10%									
<b>Reglur áfanga</b>	<p>Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund.</p> <p>Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram.</p>									

<p><b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b></p>	<p>Efnisgjald; sjá Innu          Það sem nemandi þarf að kaupa:          Teikniblýantar: HB, 2B, 4B og 6B          Strokleður og yddari          Skissubók</p>
---	--

<p><b>Þekking</b></p>	<p><b>Leikni</b></p>
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gildi og tjáningarmöguleikum teikningar</li> <li>• grundvallaratriðum hlutfallaskiptingar mannlíkamans</li> <li>• gildi stöðugrar ástundunar og þjálfunar í teikningu</li> <li>• hlutverki og möguleikum teikningar í sjónlistum</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjá sig á myndrænan og skapandi hátt með eigin hugmyndir</li> <li>• kynna hugmynd sína og rökstyðja gildi hennar munnlega og skriflega</li> <li>• leita upplýsinga og byggja upp þekkingargrunn</li> </ul>
<p><b>Hæfni</b></p>	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjá sig á myndrænan og skapandi hátt með eigin hugmyndir</li> <li>• kynna hugmynd sína og rökstyðja gildi hennar munnlega og skriflega</li> <li>• leita upplýsinga og byggja upp þekkingargrunn</li> </ul>	

<p><b>Vinnuáætlun</b></p>		
<p><b>Tímasókn</b></p>	<p>15 vikur x 4 klst.</p>	<p>60 klst.</p>
<p><b>Heimavinna</b></p>	<p>15 vikur x 2 klst.</p>	<p>30 klst.</p>
<p><b>Rannsóknarvinna</b></p>	<p>3 x 2 klst.</p>	<p>6 klst.</p>
<p><b>Undirbúningur f. sýningu</b></p>	<p>12 klst.</p>	<p>12 klst.</p>
<p><b>Alls</b></p>		<p><b>108 klst. = 5 fein*</b></p>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>MYNL2AT</b> <b>1. vika</b> 19. - 23. ágúst	Kynning – kennsluáætlun – teikning – hauskúpa að framan á A3 með blýant	Skissubók – 2 skissur á viku að lágmarki
<b>2. vika</b> 26. - 30. ágúst	Teikning – hauskúpa á hlið á A3 með blýant	Skissubók – 2 skissur (4)
<b>3. vika</b> 2. - 6. september	Teikning – brjóstkassi – kol á trönum	Skissubók – 2 skissur (6)
<b>4. vika</b> 9. - 13. september	Teikning – handleggur og fótleggur – kol á trönum	Skissubók – 2 skissur (8)
<b>5. vika</b> 16. - 20. september	Teikning – mjaðmagrind að framan og á hlið – kol á trönum	Skissubók – 2 skissur (10)
<b>6. vika</b> 23. - 27. september	Teikning – vöðvar og bein – handleggur og fótleggur með kít á trönum	Skissubók – 2 skissur (12)
<b>7. vika</b> 30. september - 4. október	Anatómia – frjálst val – teikning á trönum með kol og kít	Skissubók – 2 skissur (14)
<b>8. vika</b> 7. - 11. október <i>Námsmatsdagur</i>	Frh. á frjálstu vali – skil á öllum verkefnum og skissubók	Skissubók – 2 skissur (16)
<b>MYNL2TA</b> <b>9. vika</b> 14. - 18. október <i>Miðannarmat</i>	<b>Kynning</b> – Verkefnin útskýrð og lögð fyrir. <b>Verkefni 1:</b> Þvottaklemma Nemandi stækkar upp klemmu á A3	Skissubók – 2 skissur (18)
<b>10. vika</b> 21. - 24. október <i>Vetrarleyfi 25. okt.</i>	<b>Verkefni 2:</b> Glas á fæti. Nemandi stækkar upp glas á A3	Skissubók – 2 skissur (20)
<b>11. vika</b> 29. október - 1. nóvember <i>Vetrarleyfi 28. okt.</i>	Glas á fæti – frh.	Skissubók – 2 skissur (22)
<b>12. vika</b> 4. - 8. nóvember	<b>Verkefni 3:</b> Taflmaður. Nemandi stækkar upp taflmann á A3	Skissubók – 2 skissur (24)
<b>13. vika</b> 11. - 15. nóvember	Taflmaður – frh.	Skissubók – 2 skissur (26)
<b>14. vika</b> 18. - 22. nóvember	<b>Verkefni 4:</b> Laukur – Stækkun 4X	Skissubók – 2 skissur (28)
<b>15. vika</b> 25. - 29. nóvember	<b>Verkefni 5:</b> Frjálst val á hlut – Stækkun á A3	Skissubók – 2 skissur (30)
<b>16. vika</b> 2. - 6. desember	Frh. – skil á öllum verkefnum og skissubók.	Skissubók – 2 skissur (32)

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir